

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1033/2010

2012/EES/12/41

frá 15. nóvember 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1505/2006 að því er varðar árlegar skýrslur aðildarríkjanna um niðurstöður úr eftirlitinu sem fram fór í tengslum við auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-
sambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá
17. desember 2003 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og
skráningu sauðfjár og geita og breytingu á reglugerð (EB)
nr. 1782/2003 og tilskipunum 92/102/EBE og 64/432/EBE ⁽¹⁾,
einkum fyrstu undirgrein og a-lið annar undirgreinar 1. mgr.
10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1505/2006 frá 11. október 2006 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 21/2004 að því er varðar lágmarkseftirlit sem skal fara fram í tengslum við auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita ⁽²⁾ er kveðið á um að aðildarríkin skuli sjá um eftirlit til að ganga úr skugga um að umsjónarmenn fari að kröfunum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 21/2004.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 1505/2006 er að auki kveðið á um að aðildarríkin skuli leggja fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við fyrirmyndina sem sýnd er í viðaukanum við reglugerðina, árlega skýrslu um niðurstöður eftirlits sem fram fór á næstliðnu árlegu skoðunartímabili.
- 3) Söfnun gagna á meðan á skýrslugjafarferlinu stendur skal vera fullnægjandi og í réttu hlutfalli við þau markmið

sem stefnt er að. Til að skýrslugjöfin verði markvissari og henti til fyrirhugaðrar notkunar skal einfalda tilteknar kröfur ásamt fyrirmynd að skýrslu, sem sett er fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1505/2006, svo að auðveldara sé að veita viðeigandi upplýsingar um framkvæmd eftirlitsins og forðast óþarfa stjórnsýsluálag.

- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1505/2006 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1505/2006 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað b-liðar 7. gr. komi eftirfarandi:

„b) fjölda bújarða sem eftirlit hefur verið haft með,“

- 2) Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 298, 16.11.2010, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á 1. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (biður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 280, 12.10.2006, bls. 3.

VIÐAUKI

Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1505/2006 komi eftirfarandi:

„VIÐAUKI

Skýrsla um niðurstöður eftirlits með sauðfé og geitum að því er varðar kröfur um auðkenningu og skráningu umræddra dýra í samræmi við reglugerð (EB) nr. 21/2004

1. Almennar upplýsingar um bújarðir, dýr og eftirlit

| | |
|--|--|
| Heildarfjöldi bújarða í aðildarríkinu í upphafi ársins sem skýrslutímabilið nær til ⁽¹⁾ | |
| Heildarfjöldi bújarða sem eftirlit var haft með á árinu sem skýrslutímabilið nær til | |
| Heildarfjöldi dýra sem skráð voru í aðildarríkinu í upphafi ársins sem skýrslutímabilið nær til ⁽¹⁾ | |
| Heildarfjöldi dýra sem eftirlit var haft með á bújörðum á skýrslutímabilinu ⁽¹⁾ | |

⁽¹⁾ Eða önnur tilvísunargögn í hverju aðildarríki fyrir sig varðandi tölfræðilegar upplýsingar um dýr

2. Tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum

| | |
|---|--|
| Fjöldi bújarða sem um er að ræða þar sem ekki er farið að ákvæðum | |
|---|--|

3. Viðurlög sem hefur verið beitt

| | |
|--|--|
| Fjöldi bújarða þar sem viðurlögum hefur verið beitt ⁴ | |
|--|--|